

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 23. júní 2020
Mál nr. E-1961/2019:

IceThai ehf.

(Reimar Snæfells Pétursson lögmaður)

gegn

Investor ehf. og gagnsök

(Anton Björn Markússon lögmaður)

Dómur

1. Mál þetta var höfðað 27. apríl 2019. Stefnandi er IceThai ehf., Lindargötu 39 í Reykjavík. Stefndi er Investor ehf., Suðurlandsbraut 32 í Reykjavík. Stefndi höfðaði gagnsök 5. júní 2019. Aðalmeðferð málsins fór fram 12. maí 2020 og var málið dómtekið að henni lokinni. Dómurinn er uppkveðinn að gættum ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laganna um meðferð einkamála í héraði nr. 91/1991 með því að dómsuppsaga dróst fram yfir fjórar vikur frá því að málið var dómtekið.
2. Stefnandi gerir þá kröfu að stefndi verður dæmdur til að greiða honum 30.000.000 króna ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. laga nr. 38/2001, af 100.000.000 króna frá 1. apríl 2017 til 12. apríl 2017, en af 70.000.000 króna frá þeim degi til 1. maí 2017, en af 120.000.000 króna frá þeim degi til 5. maí 2017, en af 70.000.000 króna frá þeim degi til 1. júní 2017, en af 120.000.000 króna frá þeim degi til 1. júlí 2017, en af 170.000.000 króna frá þeim degi til 2. ágúst 2017, en af 130.070.376 krónum frá þeim degi til 4. ágúst 2017, en af 30.000.000 króna frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi krefst sýknu af kröfum stefnda í gagnsök. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda að mati dómsins. Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að gagnkröfum stefnda verði skuldajafnað við kröfur stefnanda. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda að mati dómsins. Í gagnsök krefst stefndi þess aðallega að gagnstefnda verði gert að greiða gagnstefnanda 87.207.218 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þingfestingardegi 6. júní 2019 til greiðsludags, en jafnframt krefst gagnstefnandi viðurkenningar á rétti til skuldajafnaðar á þeirri greiðslu sem dæmd verður í samræmi við skuldajafnaðaryfirlýsingu í greinargerð í aðalsök að því marki sem til þarf en ella til sjálfstæðs dóms fyrir því sem er umfram kröfu stefnanda í aðalsök. Til vara

gerir gagnstefnandi þá kröfu að honum verði veittur afsláttur af kaupverðinu en jafnframt er gerð krafa um viðurkenningu á rétti til skuldajafnaðar við dómkröfu stefnanda í aðalsök. Til þrautavara gerir gagnstefnandi þá kröfu að honum verði dæmdar bætur að álitum en jafnframt krefst gagnstefnandi viðurkenningar á rétti til skuldajafnaðar við dómkröfu stefnanda í aðalsök. Þá krefst gagnstefnandi þess að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda málskostnað að mati dómsins.

3. Mál þetta er höfðað til heimtu eftirstöðva kaupsamningsgreiðslna til stefnanda frá Gullakri ehf. sem óumdeilt er að stefndi gekkst í ábyrgð fyrir. Með kaupsamningi þann 27. janúar 2017 keypti einkahlutafélagið Gullakur ehf. af stefnanda rekstur brauðgerðarverksmiðju og sölustaða og tiltekna lausafjármuni úr rekstri sem stefnandi hafði áður rekið sem Kornid ehf. Hið selda var afhent kaupanda 31. janúar 2017 og af kaupverðinu sem var 400.000.000 króna voru 150.000.000 króna greiddar við undirritun kaupsamnings en eftirstöðvarnar, 250.000.000 króna, skyldi kaupandi greiða í fernu lagi, síðast 1. júlí 2017. Með áritun á kaupsamninginn og með útgáfu sérstakrar ábyrgðar-yfirlýsingar 31. janúar 2017 ábyrgðist stefndi sem eigin skuld að Gullakur ehf. innti af hendi allar greiðslur samkvæmt kaupsamningnum. Kaupsamningsgreiðslan var innt af hendi í samræmi við samning aðila en í framhaldinu urðu tafir á greiðslum frá Gullakri ehf. Það fór svo að Gullakur greiddi stefnanda alls 370.000.000 króna af kaupverðinu og greiðslur voru ekki allar inntar af hendi á upphaflega umsömdum tíma. Kaupandinn, Gullakur ehf., var úrskurðaður gjaldþrota 17. janúar 2019.

Málatilbúnaður stefnanda/gagnstefnda

4. Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefnda á ákvæði í kaupsamningi stefnanda og Gullakurs ehf. og á ábyrgðaryfirlýsingu stefnda frá 31. janúar 2017 þar sem stefndi ábyrgðist, að mati stefnanda, sem eigin skuld allar greiðslur samkvæmt kaupsamningnum. Stefnandi vísar til þess að stefndi hafi ekki sett neina fyrirvara við ábyrgð sína og sé því skuldbundinn til að tryggja stefnanda efndir samkvæmt kaupsamningnum. Stefnandi hafnar því sem hann telur vera haldlausar mótbárur sem fram hafi komið af hálfu kaupanda en kaupandi hafi skýrt greiðslufall sitt þannig að vafi léki á því að hið selda hefði uppfyllt kröfur sem gera verði til slíks rekstrar. Stefnandi vísar til þess að kaupandi hafi áskilið sér rétt til að halda eftir 30.000.000 króna af kaupverðinu, án frekari sundurliðunar, með tölvupósti 8. ágúst 2018. Þetta segir stefnandi að hafi komið sér í opna skjöldu þar sem ekki hafi áður borist athugasemdir frá kaupanda frá því að

ritað hafi verið undir kaupsamning. Kaupandi hafi svo 5. október 2017 sent stefnanda drög að kröfu um leiðréttingu kaupverðs. Þau drög sem virðist hafa legið á teikniborði kaupanda hafi hins vegar aldrei verið kláruð og engin krafa borist fyrr en með gagnsök í máli þessu. Stefnandi hafnar öllum mótbárum í þessa veru sem ýmist of seint fram komnum og/eða sem órökstuddum og röngum.

5. Þá krefst stefnandi sem gagnstefndi sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda á þeim grundvelli að gagnstefnandi eigi ekki aðild að slíkri kröfu og að kröfugerð gagnstefnanda eigi sér enga stoð í samningi gagnstefnda við kaupandann Gullakur ehf. Þannig telur gagnstefndi að gagnstefnandi geti ekki átt aðild að þeim kröfum sem hann hefur uppi í gagnsök. Gagnstefnandi sé ekki rétt hafi þeirra hagsmuna sem hann leitar dómsúrlausnar um og slík krafa, hvort heldur hún sé nefnd skaðabótakrafa, afsláttarkrafa eða öðru nafni, gæti eingöngu tilheyrt kaupandanum, eða nú þrotabúi hans, væri hún á annað borð fyrir hendi. Þá telur gagnstefndi að umfjöllun um aðild í gagnsök varpi engu ljósi á þetta og því verði, með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, að sýkna gagnstefnda af öllum kröfum í gagnsök.
6. Gagnstefndi telur að gagnstefnandi byggi kröfur sínar á grundvelli sem ekki geti átt við með hliðsjón af eðli viðskipta kaupanda við gagnstefnda. Gagnstefnandi geri ítarlega grein fyrir ætluðum annmörkum á bókhaldi og ársreikningum gagnstefnda, en líti fram hjá því að kaupandi var ekki að kaupa hlutafé gagnstefnda. Þannig hafi aldrei komið til þess eða verið ráðgert að kaupandi fengi í kjölfar viðskiptanna afhentar bækur gagnstefnda og tæki yfir reikningsskil hans. Kaupandi hafi aðeins verið að kaupa tiltekinn rekstur og tiltekna eignir af gagnstefnda. Af þessu leiði að ársreikningar gagnstefnda, sem gagnstefnandi vísar til lýsi ekki þeirri eign sem gagnstefndi seldi. Ársreikningar gagnstefnda lýsi tekjum og gjöldum gagnstefnda, efnahag hans og fjárstreymi, af allri starfsemi hans, þar með talið af starfsemi sem gagnstefndi seldi ekki. Þá vísar gagnstefndi til þess að skýrt komi fram í hinum umþrætta kaupsamningi að kaupandi ætlaði sér að gera og gerði nákvæma sérfræðirannsókn á þeim afmarkaða rekstri og eignum sem hann keypti. Niðurstöður þeirrar rannsóknar hafi ekki verið gerðar að hluta af samningi kaupanda og gagnstefndi hafi ekki einu sinni upplýsingar um hver niðurstaða rannsókna kaupanda var eða hverjar forsendur kaupanda voru eða hvernig útreikninga hann bjó sér til sjálfur áður en hann gekk til viðskiptanna.

7. Þá byggir gagnstefndi á því að mótbáruur gagnstefnanda í gagnsök séu of seint fram komnar. Þær séu því niður fallnar fyrir tómlæti. Þetta telur gagnstefndi eiga við um allar kröfur gagnstefnanda. Þannig byggist dómkrafa gagnstefnanda meðal annars á því að ástandi hins selda hafi verið áfátt og að kaupandi hafi þurft að ráðast í miklar framkvæmdir. Fyrir liggur, að mati gagnstefnda, að kaupandi lét sérfræðinga gera áreiðanleikakönnun fyrir sig í aðdraganda kaupanna. Telur gagnstefndi að kaupandi hafi haft aðgang að öllum framleiðslu- og afgreiðslustöðum Kornsins til þess að taka út fasteignir, fastamuni, bókhald og reksturinn í heild sinni. Þá sé til þess vísað í kauptilboði kaupandans sem hann setti fram í aðdraganda að gerð kaupsamningsins umþrætta að tilboðsgjafi myndi láta viðurkenndan þriðja aðila gera úttekt á húsnæðinu. Þá vekur gagnstefndi athygli á því að í óumdeildum gögnum sem fyrir liggi í málinu komi fram að við gerð tilboðsins hafi verið tekið tillit til þess að framundan væri „*mikil fjárfestingarþörf í framleiðsluáðstöðu*“, sem aðilar væru sammála um að væri að mörgu leyti ófullnægjandi, svo og „*í innréttingum í nokkrum verslunum*“. Með hliðsjón af þessu hafi í kaupsamningi verið fjallað sérstaklega um ástand hins selda. Þar komi fram að aðilar hafi samið um að kæmi í ljós á fyrstu tíu dögum eftir afhendingu að tæki væru ekki í starfhæfu ástandi skyldi gagnstefndi sjá til þess að úr því yrði bætt. Kæmu hins vegar í ljós bilanir eða gallar eftir að tíu virkir dagar væru liðnir frá afhendingunni væri gagnstefnda ekki skylt að bæta úr nema hann hefði vísitandi leynt ástandinu eða meiriháttar göllum sem hann hefði mátt vita um og að með „*meiriháttar*“ göllum væri vísað til galla sem myndu kosta kaupanda yfir 1.000.000 króna að bæta úr. Hið selda hafi svo verið afhent 31. janúar 2017 en engar athugasemdir borist frá kaupanda um aðbúnað fasteigna eða tækja fyrr en í ágúst 2017, næstum sjö mánuðum síðar. Að þessu frátöldu hafi kaupandi aldrei gert athugasemdir við ástand eigna og því hafi aldrei borist athugasemdir frá kaupanda sem nú sé útséð um að muni nokkru sinni berast enda kaupandi gjaldþrota. Tómlæti kaupanda sé því slíkt að um enga kröfugerð geti verið að ræða gegn gagnstefnda á þeirri forsendu að gagnstefndi hafi vanefnt samning sinn við kaupanda. Þá er því mótmælt að gagnstefndi hafi vísitandi leynt nokkrum göllum.
8. Gagnstefndi mótmælir sérstaklega kröfum og málsástæðum gagnstefnanda vegna meintra vantalinna launa fyrir árin 2015 og 2016. Vísar gagnstefndi til hins sama og að framan er rakið varðandi það að kaupandi keypti ekki eða yfirtók rekstur eða bókhald frá

seljanda heldur aðeins tiltekna rekstrarþætti og aðstöðu og tilteknar eignir. Launabókhald gagnstefnda og ætlaðir annmarkar á því geti því ekki verið andlag kröfu af hálfu kaupanda á seljanda. Gagnstefndi vísar til þess að meðal þeirra eigna sem kaupandi keypti hafi verið ráðningarsamningar við starfsmenn „aðra en eigendur Seljanda og aðila tengda þeim“. Af kaupsamningi megi ráða að meðal þeirra starfsmanna sem voru undanþegnir kaupnum með þessum hætti hafi einmitt verið rekstrarstjórinn, Kristín Jóhannesdóttir. Bókhaldsleg meðferð á starfskjörum hennar, sem hafi haft nokkra sérstöðu, hafi því enga þýðingu fyrir málið. Þá er því mótmælt af hálfu gagnstefnda að hann hafi leynt upplýsingum eða beitt svikum og blekkingum í viðskiptum sínum við kaupanda og áréttað að gagnstefnandi eigi enga aðild að kröfum um afslátt vegna sölu gagnstefnda til kaupandans, en til öryggis nefnt að eigi slík krafa einhvern tilvistargrundvöll hljóti sá grundvöllur að takmarkast við aðalsök í málinu. Hana hefði gagnstefnandi því þurft að hafa uppi í greinargerð í aðalsök fremur en í gagnstefnu. Í öllu falli telur gagnstefndi útilokað að gagnstefnandi geti gert kröfur um greiðslur úr hendi gagnstefnda vegna kaupanna umfram þá ábyrgðarskuldbindingu sem fellur á hann vegna kaupanna og hann er krafinn um í aðalsök.

Málatilbúnaður stefnda/gagnstefnanda

9. Stefndi vísar til þess að í desember 2016 hafi fyrirsvarsmáður félagsins, sem þá var að leita fjárfestingartækifæra, fengið upplýsingar frá Kontakt fyrirtækjaráðgjöf ehf. um að það væri að fá til sölumeðferðar rekstur og eignir bakarísins Kornisins ehf. Eftir að hafa kynnt sér helstu upplýsingar úr rekstri félagsins hafi stefndi metið það svo að félagið væri um margt áhugaverður fjárfestingarkostur, en að áhættusamt væri að kaupa félagið sjálft af ýmsum ástæðum. Meðal annars hefði komið fram hjá eigendum þess að rekstrarniðurstaða samkvæmt ársreikningum og árshlutareikningum væri röng og að leiðrétta þyrfti fyrir úttekt þeirra, en að nótur sem ekki tilheyrðu rekstrinum hefðu verið gefnar út á móti. Nánari eftirgrennslan fyrirsvarsmanns stefnda, sem hafi byggst meðal annars á upplýsingum frá fyrrverandi rekstrarstjóra Kornisins, hafi leitt í ljós að verulegra leiðréttinga vegna þessa væri þörf fyrir síðustu rekstrarárin fyrir kaupin til að leiðrétta grundvöll verðmats með hliðsjón af raunverulegum rekstrarhagnaði. Í trausti upplýsinga fyrirsvarsmanna stefnanda hafi stefndi fyrir hönd óstofnaðs félags (síðar Gullakur ehf.) gert kautilboð í rekstur og eignir Kornisins ehf. sem að meginstefnu hafi orðið grundvöllur þess sem síðar varð kaupsamningur sá sem um er fjallað í máli þessu.

10. Um kröfu stefnda um sýknu af kröfum stefnanda vísar stefndi til þess að það hafi verið forsenda og um leið ákvörðunarástæða fyrir kautilboði sem hann gerði fyrir hönd Gullakurs ehf. í rekstur og eignir Kornsins ehf. að hið selda væri haldið tilteknum eiginleikum og væri í góðu rekstrarhæfu ástandi til að skila þeirri rekstrarafkomu sem fram kom í reikningum. Stefndi telur að stefnandi hafi beitt blekkingum til að koma viðskiptunum á og því sé stefnda ekki skylt að greiða eftirstöðvar kaupverðsins. Þannig hafi stefndi nokkru eftir að kaupandi hafði tekið við rekstri og eignum Kornsins ehf. orðið þess áskynja að launaliður í bókum félagsins vegna árána 2015 og 2016 hefði verið vantalln, væntanlega í þeim tilgangi að fegra afkomu og niðurstöðu. Þessar grunsemdir kaupanda hafi verið staðfestar í september 2017. Vísar stefndi til yfirlýsingar sem Kristín Jóhannesdóttir, fyrirverandi rekstrarstjóri Kornsins ehf., annar tveggja starfsmanna sem málið varðaði, hafi gefið þar sem segi: „Ég undirrituð, Kristín Jóhannesdóttir, Hesthömrum 11, Reykjavík, kt. 310861-4569, staðfesti hér með að í ársreikningi Kornsins ehf. , kt. 571201-6290 fyrir árið 2015 og árshlutareikningi fyrir janúar til júní 2016 sem lagðir voru fram til grundvallar sölu á rekstri og eignum til Gullakurs ehf. kt. 671016-1140, er ekki færður til gjalda kostnaður vegna launa, ráðgjafabóknunar eða annað endurgjald vegna vinnu undirritaðrar fyrir Kornid ehf. á þessu tímabili. Undirrituð hafði enga aðkomu að gerð viðkomandi ársreiknings árið 2015 og árshlutareikningi janúar til júní 2016 og hafði ekki vitneskju fyrr en eftir að undirrituð sá viðkomandi reikinga að ekki hafði verið gert ráð fyrir gjaldfærslu vegna vinnuframlags undirritaðrar í reikninginum.“ Með þessu telur stefndi að sé fram komin lögfull sönnun þess að seljandi hafi verið í vondri trú er hann hafi veitt, jafnt stefnda og fulltrúum Kontakt fyrirtækjaráðgjafar, rangar upplýsingar í aðdraganda kaupanna. Þannig hafi stefndi með sviksamlegum hætti verið blekktur til að gera tilboð í rekstur og eignir Kornsins ehf. á forsendum sem ekki stóðust. Verðið sem sem um var samið hafi því verið bersýnilega of hátt og auðsýnilega í ósamræmi við raunverulegt markaðsvirði. Þá vísar stefndi til þess að í kjölfar athugasemda hans vegna þessa hafi átt sér stað viðræður á milli aðila sem hann telur að honum hafi verið rétt að skilja svo að af hálfu stefnanda hefði verið fallist á rétt hans til að halda eftir 30 milljónum, eða sem jafngilti eftirstöðvum kaupverðsins vegna vanefnda seljanda. Það hafi því komið stefnda gjörsamlega í opna skjöldu er honum barst greiðsluáskorun frá stefnanda þar sem hann var krafinn um greiðslu eftirstöðva kaupverðs.

11. Kröfu sína um greiðslu skaðabóta í gagnsök byggir gagnstefnandi aðallega á því að það hafi verið meginforsenda og um leið ákvörðunarástæða gagnstefnanda fyrir kaupunum á rekstri og eignum Kornsins ehf. að félagið væri í góðu rekstrarhæfu ástandi til að skila þeirri rekstrarafkomu sem fram kom í bókhaldsgögnum og öðrum reikningslegum upplýsingum. Gagnstefnandi telur í ljós leitt að fyrirsvarsmenn stefnanda hafi í fjölmörgum atriðum leynt upplýsingum og vantalið kostnað í þeim tilgangi að fegra rekstrarniðurstöðu og afkomu Kornsins ehf. Kröfu sína um leiðréttingu kaupverðs sem myndar grundvöll stefnufjárhæðar í gagnsök sundurliðar gagnstefnandi þannig að vantalin laun og verktakagreiðslur fyrir árin 2015 og 2016 nemi alls 71.048.880 krónum. Krafa vegna ógreidds kaffitíma starfsmanna nemi 8.795.052 krónum. Útlagður kostnaður kaupanda vegna ófullnægjandi ástands húsnæðis og tækja nemi alls 11.209.765 krónum. Heildarfjárhæð kröfu gagnstefnanda nemi því, að frádregnum kostnaði sem seljandi lagði út að fjárhæð 3.846.479 krónur, alls 87.207.218 krónum.
12. Gagnstefnandi telur að gagnstefndi beri ábyrgð á því að hið selda hafi ekki verið haldið þeim eiginleikum sem gagnstefnandi mátti ætlast til á grundvelli þeirri upplýsinga sem gagnstefndi gaf í aðdraganda kaupanna. Þannig hafi gagnstefndi haldið mikilvægum fjárhagslegum upplýsingum leyndum fyrir gagnstefnanda, að því er virðist í þeim tilgangi einum að fegra niðurstöðu rekstrarreiknings og afkomu félagsins. Með svikum og blekkingum hafi gagnstefndi komið því til leiðar að rangar tölur hafi verið lagðar til grundvallar verðmati og síðar kauptilboði og kaupsamningi. Telur gagnstefnandi sig hafa fært lögfulla sönnun fyrir því að með háttsemi sinni hafi gagnstefndi af ásettu ráði rýrt verðmæti hins selda og með því valdið gagnstefnda beinu fjártjóni þannig að hið selda hafi ekki verið í samræmi við það sem lofað hafi verið samkvæmt kauptilboði og kaupsamningi, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup. Á þessu beri gagnstefndi skaðabótaábyrgð samkvæmt meginsjónarmiðum um skaðabætur innan samninga og þar sem háttsemi hans hafi verið sagnæm taki ábyrgðin bæði til beins og óbeins tjóns gagnstefnanda, sbr. 3. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 67. gr. laganna.
13. Á sama grundvelli krefst gagnstefnandi þess til vara að sér verði veittur afsláttur af kaupverðinu en til þrautavara að sér verði dæmdar bætur að álitum. Gagnstefnandi vísar til þess að hann hafi verið tilboðsgjafi kauptilboðs í rekstur og eignir Kornsins ehf. sem síðar hafi orðið grundvöllur kaupsamnings milli aðila. Tilboðið hafi hann gert á grundvelli þeirra röngu upplýsinga sem seljandi hafi veitt um ákveðna þætti

starfseminnar. Í kaupsamningi komi fram að gagnstefnandi ábyrgist með undirritun sinni á kaupsamninginn og meðfylgjandi ábyrgðaryfirlýsingu að kaupandi inni af hendi allar greiðslur og komi til greiðslufalls muni Investor innan sjö daga greiða það sem upp á vanti samningsgreiðslu. Með sama hætti og gagnstefndi telji gagnstefnanda greiðsluskyldan fyrir eftirstöðvum kaupverðs beri gagnstefndi ábyrgð á því gagnvart gagnstefnanda að hið selda sem greitt var fyrir hafi verið haldið þeim eiginleikum sem samið var um. Gagnstefnandi telur að hann sé því réttbær aðili til að beina kröfum að gagnstefnda.

Niðurstaða

14. Fallast verður á það með aðalstefnanda að gagnstefnandi hefur ekki sýnt fram á hvernig hann telst geta verið réttur aðili að kröfum sínum í gagnsök. Ljóst er að gagnstefnandi stóð í öndverðu að gerð kauptilboðs til aðalstefnanda í eignir Kornsins ehf. og að gagnstefnandi og Gullakur ehf., sem var kaupandi í kaupsamningi við aðalstefnanda um nefndar eignir, voru bæði í eigu sömu aðila. Hvað sem því líður kusu aðilar að koma aðild að kaupskap sínum fyrir með þeim hætti sem að ofan greinir og af því leiðir að gagnstefnandi getur ekki, hvað sem líður ábyrgð hans á skuldbindingum Gullakurs ehf., farið með meintar gagnkröfur þess aðila sem sínar eigin í málarekstri þessum. Fyrir liggur að Gullakur ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 17. janúar 2019 og ekkert er fram komið um það í málinu að stefndi/gagnstefnandi njóti atbeina þrotabúsins eða heimildar til að ráðstafa hagsmunum sem það kynni að búa yfir eða vera bært til að ráðstafa. Verður því með vísan til þessa þegar af þessum ástæðum að fallast á kröfu gagnstefnda um sýknu af kröfum gagnstefnanda.

15. Ekki er umdeilt með aðilum dómsmáls þessa að í kaupsamningi stefnanda og Gullakurs ehf., sem stefnandi stefnir til að fá að fullu efndan, komi fram að stefndi ábyrgðist með undirritun sinni á kaupsamninginn og sérstakri ábyrgðaryfirlýsingu að kaupandinn Gullakur ehf. myndi inna af hendi allar greiðslur samkvæmt kaupsamningnum og að ef kæmi til greiðslufalls myndi stefndi innan sjö daga greiða það sem upp á kynni að vanta. Stefnukröfur stefnanda eru á þessu byggðar. Þá er óhjákvæmilegt að líta til þess að efni kaupsamnings stefnanda og Gullakurs ehf. er þannig að kaupandi keypti tiltekinn rekstur og tilteknar eignir af stefnanda en ekki hlutafé stefnanda. Þá verður að einnig að líta til þess að fyrirsvarsmenn stefnda, sem eru sérfróðir um viðskipti af þessum toga, fengu alla aðstöðu til að gera rannsókn á þeim rekstri og eignum sem kaupsamningurinn varðaði og

gátu því sjálfir afráðið hvaða forsendur þeim var rétt að leggja til grundvallar kaupunum og á hvaða útreikningum þeir byggðu áður en gengið var til viðskiptanna. Þá var það eins og á stendur á ábyrgð stefnda að láta það koma fram í texta kaupsamnings ef hann vildi tryggja að hið selda hefði nánar tilgreinda kosti sem hann nú telur að hafi á skort. Loks verður ekki hjá því komist að vísa til þess að samkvæmt kaupsamningi skyldi kaupandi, ef í ljós kæmu bilanir eða gallar eftir að tíu virkir dagar væru liðnir frá afhendingunni, sjálfur bera tjón sitt nema seljandi hefði vísitandi leynt ástandi eða meiriháttar göllum sem hann hefði mátt vita um. Í ljósi þess að hið selda var afhent 31. janúar 2017 og engar athugasemdir bárust frá kaupanda um aðbúnað fasteigna eða tækja fyrr en í ágúst 2017 verður að fallast á að kaupandinn hafi sýnt af sér tómlæti svo að hann hefði ekki getað haft uppi kröfugerð á hendur seljanda á þeirri forsendu að seljandi hefði vanefnt samning sinn við kaupanda. Af þessu leiðir að engin sjónarmið sem fram eru komin í málinu standa til þess að kröfugerð stefnanda nái ekki fram að ganga eða að krafa hans skuli sæta lökkun og verður því fallist á hana eins og hún er fram sett. Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn eins og fram kemur í dómsorði. Af hálfu stefnanda/gagnstefnda flutti málið Reimar Pétursson lögmaður en af hálfu stefnda/gagnstefnanda Anton Björn Markússon lögmaður. Ástráður Haraldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Gagnstefndi, IceThai ehf., er sýkn af kröfum gagnstefnanda, Investors ehf. Stefndi, Investor ehf., greiði stefnanda, IceThai ehf., 30.000.000 króna ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. laga nr. 38/2001, af 100.000.000 króna frá 1. apríl 2017 til 12. apríl 2017, en af 70.000.000 króna frá þeim degi til 1. maí 2017, en af 120.000.000 króna frá þeim degi til 5. maí 2017, en af 70.000.000 króna frá þeim degi til 1. júní 2017, en af 120.000.000 króna frá þeim degi til 1. júlí 2017, en af 170.000.000 króna frá þeim degi til 2. ágúst 2017, en af 130.070.376 krónum frá þeim degi til 4. ágúst 2017, en af 30.000.000 króna frá þeim degi til greiðsludags og 2.000.000 króna í málskostnað.

Ástráður Haraldsson